

Nr. 26.

26. okt.

Lög

um

skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um stofnun sjerstakrar tollgæslu í Reykjavíkurborg.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Núverandi bæjarfógetaembætti í Reykjavík skal skift í tvent, bæjarfógetaembætti og lögreglustjóraembætti. Undir bæjarfógeta komi dómstörf öll, fógetagerðir, uppboð og skifti m. m., en undir lögreglustjóra hverfi stjórn lögreglumála og tollmála, aðalinnheimta á tekjum landssjóðs, skipaafgreiðslur o. fl. — Konungur veitir bæði embættin.

Innheimta sú á gjöldum til bæjarsjóðs Reykjavíkurborgar, sem að lögum er falin bæjarfógetanum í Reykjavík, hverfi undir umsjá bæjarstjórnar.

2. gr.

Stofna skal, jafnskjótt og því verður við komið, sjerstaka tollgæslu fyrir Reykjavíkurborg og forstjórn hennar falin lögreglustjóra borgarinnar.

3. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavíkurborg skulu hafa í föst embættislaun úr landssjóði 5000 kr. hvor, er fari hækkandi með embættisaldri um 200 kr. á hverjum tveim árum upp í 6000 kr. — Skrifstofukostnaður þeirra, svo og laun tollvarða, greiðist sjerstaklega, eftir ákvæðum, er gerð verða þar um í fjárlögum.

Tekjur þær, er runnið hafa til bæjarfógeta samkvæmt aukatekjulögum, svo og lögmælt innheimtulaup af tolli og útflutningsgjaldi, renni í landssjóð.

4. gr.

Landsstjórnin skipar að öðru leyti með reglugerð fyrir um, hvernig málefnum þeim, er hingað til hafa heyrt undir bæjarfógetanum í Reykjavík, skuli skift á hin greindu embætti, svo og um fyrirkomulag tollgæslunnar og hve margir skuli tollverðir.

5. gr.

Skifting núverandi bæjarfógetaembættis í Reykjavík fer fram 1. apríl 1918, og veitast embættin tvö frá þeim tíma.

6. gr.

Nr. 26.

Með lögum þessum eru úr gildi þá ákvæði 5. gr. laga nr. 24, 14. des. 1877, um laun sýslumanna og bæjarfógeta, að því er snertir laun og skrifstofukostnað bæjarfógetans í Reykjavík, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága koma við þessi lög. 26. okt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.